

Jafnaðarsamfélagið: Aukin lífsgæði, jafnari tækifæri og meiri samheldni

Guðmundur D. Haraldsson,
nóvember 2024

Íslenskt samfélag hefur lengi viljað jöfnuð meðal borgaranna – við höfum jafnvel stært okkur af jöfnuði og verið stolt af því að ójöfnuður hafi ekki aukist á meðan það hefur verið raunin annars staðar. Og um margt byggðum við upp samfélag jöfnuðar, þar sem munurinn á aðstæðum og tækifærum fólks var ekki of mikill. En við vikum af braut jöfnuðar fyrir all-löngu og höfum ekki tekið nægilega stór skref í átt til jöfnuðar á ný, þótt tækifæri og ástæður hafi verið til. Undanfarna áratugi hefur ójöfnuður á Íslandi aukist.¹

Á þeim tíma sem hefur liðið frá því við vikum frá jöfnuði á Íslandi – í kringum 1995 – hefur mikil þekking safnast af áhrifum ójöfnuðar á fólk og samfélag. Þessi þekking segir okkur að jöfnuður *eykur* lífsgæði allra hópa, á meðan ójöfnuður *dregur* úr lífsgæðum, einkum þeirra sem minnst hafa, en þó líka þeirra sem mest hafa.² Jöfnuður stuðlar að öflugra lýðræði og jafnari dreifingu valds. En aðstæður í heiminum hafa líka breyst til hins verra – vaxandi óstöðugleiki,³ stríð í Evrópu, versnandi afkoma margra, loftslagsbreytingar eru farnar að birtast okkur – frá því ójöfnuður fór verulega á skrið fyrir um þremur til fjórum áratugum. Við vitum nú að hófsamur jöfnuður er forsenda þess að fólk geti lifað saman í sátt og samlyndi innan samfélags og tekist á við vandamál og ógnir samfélagsins (ríkja) sem ein heild.⁴ Ógnirnar eru ærnar og allt bendir til að svo verði áfram; aukinn jöfnuður mun auðvelda okkur að lifa í óstöðugum ytri heimi, án þess að lífsgæðum sé fórnað, frekar að þau geti aukist.

Jöfnuður á sér margar hliðar en má lýsa með einföldum hætti: Hóflegur jöfnuður er þegar sá hópur sem hefur mestar tekjur og býr yfir hvað mestum auð hefur ámóta tækifæri í lífinu og sá hópur sem hefur minnstar tekjur og auð⁵ – ekki endilega þau sömu, en ekki *nógu ólík* til að þau sem minnst hafa eigi í *verulegum* vandkvæðum við að komast áfram í lífinu. Þannig stuðlar hóflegur jöfnuður að sem jöfnustum tækifærum í lífinu, án þess að allir séu eins eða búi við sömu aðstæður í tilverunni. Ójöfn tækifæri og lífsskilyrði, hins vegar, hafa veruleg áhrif á líðan og stöðu fólks í samfélaginu. Jöfnuði má lýsa tölulega og ná mælingar gjarnan til tekna og auðs.

Ójöfnuður á Íslandi í dag

Við verðum að horfast í augu við að á Íslandi í dag er tækifærum mjög misskipt. Á landinu býr tiltölulega lítill hópur sem þarf engar áhyggjur að hafa af afkomu sinni og barna sinna, meðan annar hópur – mun stærri – lifir í stöðugum ótta um afkomu sína og barna. Þessir hópar eiga lítið skylt

1 Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson (2017). *Ójöfnuður á Íslandi: Skipting eigna og tekna í fjölbjórðlegu samhengi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. – Rétt er að geta þess að á undanförunum árum hafa verið stigin skref í skattamálum sem líklega auka ójöfnuð.

2 Wilkinson, R. og Pickett, K. (2009/2010). *The Spirit Level: Why Greater Equality Makes Societies Stronger*. New York: Bloomsbury Press.

3 Vision of Humanity (11. júní 2024). *Highest number of countries engaged in conflict since World War II*. <https://www.visionofhumanity.org/highest-number-of-countries-engaged-in-conflict-since-world-war-ii/>

4 Carter, D. (2020). *The Price of Peace: Money, Democracy and the Life of John Maynard Keynes*. New York: Random House.

5 Fullkominn jöfnuður er sem sagt ekki nauðsynlegur.

efnahagslega og eru líklegir til að búa í sitthvoru hverfinu og jafnvel sveitarfélaginu.⁶

Annar hópurinn getur hjálpað börnum sínum af stað í lífinu með því að kaupa fyrir þau húsnæði og bíla, á meðan hinn á vart fyrir óvæntum útgjöldum. Við viljum kannski ekki trúa því að staðan sé svona, en okkur er hollara að gera það – rannsóknir sýna það: 10% tekjuhæstu landsmanna áttu árið 2022 jafn mikinn sparnað í banka samanlagt og 50% tekjulægstu áttu. Þetta sama ár arfleiddu 10% eignamestu börnin sín um 48,9 milljarða á meðan hin 90% arfleiddu um 24,9 milljarða.⁷ Í fyrra átti 37% launafólks ekki fyrir óvæntum útgjöldum upp á 80.000 krónur nema að stofna til skuldar.⁸

Þetta er ekki einkenni jafnaðarsamfélags, því augljóslega getur hópurinn sem á mestar eignir og hefur mestar tekjurnar leyft sér mun meira og borgað sig og sína fram hjá ýmsum hindrunum, sem hinn hópurinn getur alls ekki. Munurinn á milli hópanna er mikill – tækifæri þeirra og lífsskilyrði eru ólík, meiri en við ættum að setta okkur við.

Og áhrifin af ójöfnuðinum á líðan eru greinileg: Konur með minna en 500 þúsund í laun á mánuði eru mun líklegri en tekjuhærri að búa við skort og þær jafnvel neita sér um mat til að börnin þeirra fái að borða. Þær eru einnig líklegri til að finna fyrir einkennum kvíða, þunglyndis og streitu og segjast minna hamingjusamar en tekjuhærri konur.⁹ Þessi munur kemur til vegna ólíkra aðstæðna hópanna – tekna, húsnæðisstöðu, álags í vinnu og vegna streitu og áhyggja um afleiðingarnar þegar óvænt útgjöld koma til. Tekjurnar skipta máli, en líka aðrir þættir. Langtíma streita af þessu tagi er skaðleg, það er vel rannsakað.¹⁰ Þá eru greinileg tengsl ójafnaðar við verri líkamlega heilsu á Íslandi, heilsan er lakari hjá efnaminna fólki.¹¹

Þegar bilið á milli hópa er mikið er hætt við að skilningur annars á stöðu hins dali.¹² Þau sem tekjuhærri eru og búa við fjárhagslegt öryggi deila ekki fjárhagslegum og félagslegum veruleika með hinum og skilja lítið í áhyggjum og vandamálum hinna — fólk fer að lifa mjög ólíku lífi. Það verður erfiðara fyrir fólk að taka á vandamálum samfélagsins í sameiningu og verða ásátt um hvað telst vera eðlileg og heilbrigð lausn við þeim. Efnahagslegur munur brýst út í ósætti. Þetta er að ágerast á Íslandi.

Þegar ósættið eykst verður erfiðara að viðhalda samstöðu um grundvallaratriði eins og lýðræði, mannréttindi, sameiginlegu eignarhaldi á auðlindum og innviðum, og öfluglu velferðarkerfi. Samstaðan molnar með tímanum.

Undanfarin misseri hefur nokkuð verið fjallað um ójöfnuð á Íslandi¹³ – ofangreint byggir á því að hluta – en sú umfjöllun sprettur af vönduðum rannsóknum fræðafólks á stöðunni á Íslandi. Þar koma fram stef sem erlendir fræðimenn eins og Kate Pickett og Richard Wilkinson hafa fundið í sínum rannsóknum á öðrum samfélögum.¹⁴ Hér er því ekkert sér-íslenskt á ferðinni: Áhrif ójafnaðar eru orðin vel þekkt og

6 Varðandi búsetu, sjá: Kolbeinn Stefánsson (janúar 2024). *Félagslegt landslag í Reykjavík*. Reykjavík: Reykjavíkurborg.

7 Heimildin (12. júlí 2024), bls. 17 og 22.

8 Varða – Rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins (mars 2024). *Staða launafólks á Íslandi*. Bls. 17-19.

9 RÚV (16. ágúst 2024). *Konur í láglaukastörfum neita sér um mat og hafa lítið félagslegt bakland*.

10 Wilkinson og Pickett (2009/2010), bls. 31-45 og 81-87.

11 Embætti landlæknis (maí 2021). *Ójöfnuður í heilsu á Íslandi: Ástæður og árangursríkar aðgerðir til úrbóta*.

12 Wilkinson og Pickett (2009/2010) fjalla ítarlega um þetta (bls. 49-62). Hér er lagt út af umfjöllun þeirra.

13 Embætti landlæknis (maí 2021). Kolbeinn Stefánsson (janúar 2024). Háskólinn á Akureyri og Varða – Rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins (2024). *Ójöfnuður meðal kvenna í íslensku samfélagi*.

14 Wilkinson og Pickett (2009/2010). Wilkinson og Pickett (2019). Sjá einnig: *The Inner Level: How More Equal Societies Reduce Stress, Restore Sanity and Improve Everyone's Well-Being*. London: Penguin.

Íslenskt samfélag er farið að sýna einkenni um óhóflegan ójöfnuð.

Rétt er að undirstrika tvennt: Ójöfnuður á Íslandi snýst ekki aðeins um *tekjur* í samanburði við önnur ríki, þótt umræðunni sé oft stýrt í þá átt að jöfnuður á Íslandi sé mikill vegna þess að *tekjujöfnuður* sé góður í samanburði við nágrannalöndin. Ójöfnuður hefur aukist (nánast) alls staðar á Vesturlöndum síðastliðna áratugi, því verður aukinn ójöfnuður ekki jafn áberandi mikill í alþjóðlegum samanburði en ef tekjujöfnuður hefði ekki aukist í öðrum ríkjum. Einnig er fráleitt að horfa eingöngu til tekna: Misskipting auðs (eigna) hefur líka áhrif – samanber afleiðingarnar af mismunandi stöðu á fasteignamarkaði – og því mikilvægt að líta einnig til þessa, en það er ljóst að auði er mjög misskipt á Íslandi og hefur aukist mikið.¹⁵ Við þurfum þannig að skoða jöfnuð frá ýmsum hliðum.

Umræða um jöfnuð, réttilega, snýr oftast að þeim í samfélaginu sem minnst hafa á milli handanna, enda gagnast jöfnuður þessum hóp einna mest. En ójöfnuður hefur líka áhrif á hópinn sem hefur meira og mest: Rannsóknir sýna að þessi hópur finnur líka, sem dæmi, fyrir auknum samanburðarkvíða í ójöfnum samfélögum, samanborið við þau sem jafnari eru.¹⁶ Einnig er meiri hætta fyrir alla á að verða fyrir ofbeldi eða veikjast í ójafnari samfélögum – glæpatíðni eykst og dregur úr almennu heilbrigði með auknum ójöfnuði – og byrðinni af hvoru tveggja lendir á öllu samfélaginu.¹⁷ Í mjög ójöfnum samfélögum sleppa þau sem mest hafa ekki alfarið við áhrif ójöfnuðar á líðan og heilsu. Auk þessa verða tengsl á milli þeirra sem mest hafa og minnst betri og sterkari í hóflega jöfnum samfélögum, samfélagið styrkist¹⁸ og viðnámsþrótturinn eykst. Þannig gagnast jöfnuður öllum.

Ójöfnuður og völd

Ójöfnuður hefur líka áhrif á valddreifingu í samfélaginu. Þegar þröngur hópur fólks og fá, fjársterk fyrirtæki eiga orðið miklar eignir í samanburði við aðra í samfélaginu færast óbein völd til þeirra. Erlendis – mjög sterklega í Bandaríkjunum – sést þetta á því að tækni-, lyfja- og fjármálafyrirtæki hafa mikil áhrif á stjórnsýsluna – eftirlit með þeim sjálfum – og á löggjöf. Bandarík lyfjafyrirtæki komu því þannig fyrir – með því að beita áhrifum sínum – að ríkið mátti *ekki* fara í útboð á lyfjum fyrir opinbera heilbrigðisþjónustu til að fá sem hagstæðast verð – nokkuð sem mörg vestræn ríki gera –, heldur varð ríkið að kaupa lyfin á uppsettu verði. Þetta leiddi til hærri lyfjakostnaðar og ofurhagnaðar fyrirtækjanna.¹⁹ Þrýstiöfl, með gnægð fjármuna á bak við sig, hafa mikil áhrif á bandarísk stjórnsmál, raunar svo mikil að löggjöf sem kemst í gegnum Bandaríkjaþing er í flestum tilfellum í þágu stórra fyrirtækja og efnafólks – löggjöf sem gagnast venjulegu fólki er ólíkleg til að komast í gegn.²⁰ Hagsmunir þeirra sem mest hafa eru ríkulega varðir og eflidir.

15 Varðandi misskiptingu eigna, sjá Stefán Ólafsson og Arnald Sölva Kristjánsson (2017).

16 Wilkinson og Pickett (2009/2010), bls. 175–182. Wilkinson og Pickett (2019), bls. 33–35.

17 Sumir glæpir og sumir sjúkdómar eru algengari í ójöfnum samfélögum. Allt samfélagið þarf að takast á við kostnaðinn og vandamálin sem fylgja þeim. Sjá: Wilkinson og Pickett (2009/2010), bls. 173–182.

18 Wilkinson og Pickett (2009/20210), bls. 49–62.

19 Varðandi lyfjafyrirtæki, sjá: Robert Reich (2015). *Saving Capitalism: For the Many, Not for the Few*. New York: Vintage Books. Bls. 22–26. – Varðandi tæknifyrirtæki, sjá: Zuboff, S. (2019). *The Age of Surveillance Capitalism*. London: Profile Books.

20 Gilens, M. og Page, B. I. (2014). Testing Theories of American Politics: Elites, Interest Groups, and Average Citizens. *Perspectives on Politics*, 12, (3), 564–581.

Við skulum ekki halda að íslenskt samfélag sé ónæmt fyrir áhrifum ójafnaðar á lýðræðið. Minna má á áhrif bankanna á eftirlit með þeim sjálfum á árunum fyrir hrúnið 2008.²¹ Þá var augljóst að fyrirtæki vildu hafa áhrif á löggjöf með styrkveitingum til stjórnmalaflokka á þeim árum.²² Á hverjum degi á Íslandi er raunar reynt að hafa áhrif á lög og reglur af hálfu öflugra samtaka atvinnurekenda og fjármagnseigenda – og stundum tekst þeim að hafa áhrif. Á Íslandi eru greinileg merki um neikvæð áhrif ójöfnuðar á lýðræðið.

Ójöfnuður – eftir ýmsum leiðum – hefur slæm áhrif á traust í samfélaginu. Ein mikilvægasta forsenda lýðræðis er þó traust – að við getum treyst hvoru öðru í daglegu lífi, traust um að farið sé eftir lögum og reglum og sanngirnis sé gætt í framfylgd þeirra, og svo framvegis. Á Íslandi hefur dregið úr trausti til opinberra stofnana og stjórnmalá undanfarna áratugi.²³ Þótt minnkað traust sé oft rakið til bankahrunsins 2008 og atburðanna sem leiddu til þess og af því, þá má mun frekar ætla að óhófleg áhrif sérhagsmunahópa – líkt og bent er á að framan – á lýðræðið og áhrifamátt þess sem skaðvald; traust fólks minnkar þegar ítrekað verður ljóst að *raunveruleg völd* hafa færst til og lýðræðislegar stofnanir hafa minni áhrif en ætti að vera.

Mikill ójöfnuður grefur þannig undan sjálfu lýðræðinu og minnkar áhrifamátt almennings gagnvart þeim sem eiga mikinn auð.

Jöfnuður getur snúið þessu við með því að draga úr mætti stórra fyrirtækja og auðugs fólks til að hafa óhófleg áhrif á lýðræðið og gang þess.²⁴ Þá gefst vinnandi fólki meira tóm og tími til að taka þátt í félagastarfsemi og stjórnmalum – vegna minni áhyggja af peningum, minni yfirvinnu og aukavinnu – sem eykur afl almennings og styrkir þannig lýðræðið.²⁵ Mögulega eykst þátttakan einnig þegar fólk sér að áhrif efnameiri hópa á lýðræðið minnka og skynjar að þátttaka getur skipt máli. Einnig er mikilvægt að við hugum að styrkingu lýðræðisins með nýjum leiðum til þátttöku, sem fjallað er um hér í lokin.

Jöfnuður er ákvörðun

Á áratugunum eftir 1980 jókst ójöfnuður mikið í mörgum Vestrænum ríkjum eftir skeið umtalsverðs jöfnuðar – upphafspunktur var mismunandi og hraðinn mismikill.²⁶ Vaxandi ójöfnuður á milli fólks byggðist á stjórnmalalegu hugarfari um að græðgi væri (yfirleitt) góð og að markaðir væru færir um að leysa (nánast) öll vandamál – eina hindrunin væri að flytja almannaeignir og almannþjónustu í hendur einkaaðila sem myndu sjá um restina. Þá þyrfti að lækka skatta sem mest (einkum á efnafólk), draga úr öllu eftirliti með atvinnulífi og hætta afskiptum af gangi hagkerfa (nema til að halda niðri verðbólgu).²⁷ En með þessu átti eins konar eilífðarvél að verða til – allt átti að ganga vel; markaðirnir myndu sjá til

21 Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis má finna allmörg dæmi um að bankarnir hafi haft áhrif á eftirlit með starfsemi þeirra sjálfra. Sjá: Rannsóknarnefnd Alþingis (2010). *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis. Sjá til dæmis kafla 8.6 og kafla II í viðauka I.

22 Fyrirtæki sem styrkja stjórnmalaflokka vilja með því minna á sig og hagsmuni sína. Þetta er augljóst. – Almenn um styrki til íslenskra stjórnmalaflokka, sjá: Sigrún Edda Jónsdóttir (2016). *Fjármál stjórnmalaflokka á Íslandi 2002-2014*. Lokaverkefni til MPA gráðu. Reykjavík: Háskóli Íslands.

23 Sigrún Edda Jónsdóttir (2016).

24 Hér segir “óhófleg” vegna þess að efnað fólk á líka að geta tekið þátt í lýðræðinu, en á sömu forsendum og við hin.

25 Reich (2015) fjallar um hvernig félagasamtök geta haft þessi áhrif, bls. 169–192.

26 Um ójöfnuð, sjá Wilkinson og Pickett (2009/2010), m.a. bls. 243-245.

27 Um þessa sögu má lesa í Carter (2020).

þess.

Mörgu af þessu var hrint í framkvæmd: Skattar lækkuðu, einkavæðing fór fram – meira að segja á vatnsveitum²⁸ – og eftirlit með fyrirtækjum og fjármálamörkuðum minnkaði. En fljótlega fór að bera á hökti í eilífðarvélinni: Efnahagskrísur og fjármálakrísur fóru að láta á sér bera, sú stærsta og alvarlegasta gekk yfir heiminn 2008–2010. Eilífðarvélina reyndist reglulega þurfa á innspýtingu fjármagns almennings (ríkisins) að halda og skattalækkunum fyrir auðfólk og fyrirtæki, annars færi allt í kaldakol. Innspýting og skattalækkanir voru sett í framkvæmd án þess að litið væri til áhrifa á ójöfnuð og án mikillar viðspyrnu í átt að jöfnuði. Ójöfnuður hélt áfram að krauma.

Allan þennan tíma, meðan ójöfnuður hefur aukist, hefur traust á milli fólks og til stofnana minnkað. Samheldni hefur minnkað – samkeppni á milli fólks hefur aukist. Líðan hefur versnað.²⁹ Þetta höfum við vitað um dágóða hríð – allt frá því 2008 eða svo – en ekki brugðist við þótt brýn ástæða sé til. Ójöfnuður heldur því miður áfram að aukast víða um heim.

Með COVID-19 faraldrinum og svo í kjölfar stríðsins í Úkraínu varð ljóst að við stæðum á krossgötum og ekki yrði aftur snúið – hugmyndafræði fyrri áratuga var komin á endastöð, rúin öllum trúverðugleika. Mörgum okkar þykir sem framtíðin verði að vera önnur en fortíðin. Nú sé tækifæri til að stokka spilin, enda varla hægt að halda áfram með sama samfélagsmynstur með vaxandi ólgu í heiminum og áhrif loftslagsbreytinga á fólk orðin áþreifanleg.

Það er aðkallandi að stigvaxandi jöfnuður sé hluti af nýju samfélagsmynstri, enda myndi það styrkja samheldni samfélagsins, gera dýpkun lýðræðisins auðveldari, og þannig auðvelda okkur að takast á við framtíðina í sameiningu. En hvernig gerum við það? Og hvernig tryggjum við að aukinn jöfnuður fari vel saman við að hemja loftslagsbreytingar, auka lífsgæði, ásamt öllu öðru sem blasir við okkur? Hvernig aukum við jöfnuð á 21. öldinni?

Í kjölfar hrunsins 2008 og efnahagsþrenginganna sem fylgdu í kjölfarið var kallað eftir skattahækkunum á ríkustu lög íslensks samfélags sem og á stór fyrirtæki (krafan var raunar alþjóðleg). Við þessu var orðið – að hluta.³⁰ Frekari skattahækkunar á þessa hópa og fyrirtæki, auk þess að taka á skattasniðgöngu svokallaðri, myndi vafalítið auka jöfnuð³¹ og er um margt ákjósanleg leið til að geta veitt almannaþjónustu af meiri krafti (ekki er vanþörf á). Höfum í huga að það er m.a. vegna uppbyggingar skattkerfisins sem sparnaði landsmanna er mjög misjafnlega dreift og að fáir arfleiða gríðarlegum fjárhæðum umfram alla aðra. Hóflugar skattahækkunar hljóta að teljast ásættanlegar í tilfelli þeirra sem mesta hafa í samfélaginu. Við hljótum líka að vilja endurskoða endurgreiðslur ríkisins á útlögðum kostnaði og sköttum stórra fyrirtækja vegna rannsókna, þróunar og framkvæmda³² – fyrirtækin sjálf hljóta að geta borið þann kostnað, enda grundvöllur þess sem þau gera og í þágu þeirra sjálfra.

En við þurfum líka að hugsa víðar og um fleira. Við þurfum líka að hugsa um hvernig *auður* og *tekjur* verða til og hvernig þeim er *útdelt*. Við þurfum að hugsa um lýðræðið og getu þess til að taka á

28 Í Bretlandi eru vatnsveitur einkareknar og í hagnaðarskyni, Thames Water sem dæmi. Á Íslandi eru nokkrar vatnsveitur í eigu einkaaðila, m.a. í Vestmannaeyjum.

29 Sjá Wilkinson og Pickett (2009/2010, 2019).

30 Fyrirtækjaskattur var hækkaður sem dæmi sem og fjármagnstekjuskattur. Sjá yfirlit á vef Skattsins: <https://www.skatturinn.is/um-rsk/saga-skatta/annall/1841-fyrirsogn#tab5>

31 Almenn um hlutverk skatta í að auka jöfnuð, sjá Wilkinson og Pickett (2009/2010), bls. 243. Sjá einnig Tim Jackson (2009/2011). *Prosperity Without Growth: Economics for a Finite Planet*. London: Earthscan. Einkum bls. 181.

32 Um endurgreiðslur til fyrirtækja, sjá: Jónas Atli Gunnarsson (19. nóvember 2021). CCP aftur með langhæsta skattafrádráttinn vegna nýsköpunar. *Kjarninn*.

umdeildum málum. Um margt getur þetta allt reynst *mikilvægara* til að auka jöfnuð.

Mikilvægur hluti þess að móta nýtt samfélagsmynstur – í okkar samfélagi, á Íslandi – er að taka á fasteignamarkaðnum. Fasteign er stór hluti þess auðs sem venjulegt, vinnandi fólk myndar um ævina. Ef fólk í lægstu launaprepunum gengur illa að kaupa sér og eignast fasteign yfir lengra tímabil, en öðrum gengur mun betur, þá breikkar bilið á milli fólks í samfélaginu – það segir sig nánast sjálft. Margt bendir til að þetta sé staðan nú og verði áfram. Og ef vaxtabætur hjálpa lítið³³ – eins og er núna – versnar staðan enn. Spákaupmenn hreiðra um sig og safna eignum³⁴, sem þau launalægstu og þau sem ekki hafa aðgang að auð, leigja en mynda engar eða litlar eignir. Heilbrigður fasteignamarkaður ýtir undir eignamyndun vinnandi fólks í öllum tekjuprepum; slíkur markaður veitir fólk stöðugleika og öryggi og stuðlar þannig að góðri líðan. Ljóst er að fasteignamarkaðurinn á Íslandi gerir þetta illa og skilur marga eftir í óöryggi til langs tíma. Við ættum því að ígrunda vel hvernig fasteignamarkaðurinn eigi að virka sem jöfnunartæki fremur en hitt. Vel má hugsa sér reglur sem virka ívilnandi fyrir tekjulægstu hópana, reglur sem draga úr spákaupmennsku (s.s. hærri fasteignagjöld á auka-íbúðir), auk ríkulegra vaxtabóta til handa fólk sem á lítið í sínum íbúðum. Hófsamar reglur og ívilnanir gera mikið gagn til að draga úr ójöfnuði, enda er tryggt húsnæði grunnurinn að svo mörgu í lífinu.

Við ættum líka að velta fyrir okkur fjármálakerfinu og hlutverki þess. Við sjáum að bankar taka til sín mikla fjármuni með vaxtamun og þjónustugjöldum³⁵ – eignaminna fólk með lán stendur sennilega undir þeim kostnaði að stærri hluta en aðrir hópar. Ágóðinn verður að stórum hluta að hagnaði sem rennur í gegnum fjárfestingarsjóði og þaðan til efnafólks í formi aukins auðs, auk þess sem lífeyrissjóðir taka dágóðan hluta ágóðans. Bankar nota ágóðann líka til að veita lykilstjórnendum kaupauka.³⁶ Kaupaukar og háar arðgreiðslur auka þannig á ójöfnuð. Áhættusækni banka eykst með kaupaukum, og getur það haft neikvæð áhrif á fyrirtækin sjálf og samfélagið allt þegar illa fer.³⁷ Hvað banka varðar ættum við að horfa til samfélagsbanka sem andsvars við þessari þróun.³⁸ Kaupauka ætti að takmarka verulega í gegnum skattheimtu og með að lífeyrissjóðir beiti völdum sínum sem eigendur í þessum fyrirtækjum. Góð regluleg laun hljóta að duga stjórnendum til að reka blómleg fyrirtæki.

Við þurfum líka að endurskoða hugarfar okkar til markaða. Það hefur komið okkur í klandur að móta samfélagið þannig að óbeislaðir markaðir séu upphaf og endir stjórn mála. Það hefur sýnt sig að

33 Vaxtabætur eru í lágmarki þessi árin, er það beinlínis ákvörðun að draga úr þeim. Sjá t.d.: Arnar Þór Ingólfsson (9. september 2022). Næstum 2.800 hætta alfarið að fá vaxtabætur vegna hækkunar fasteignamats. *Kjarninn*. – Þórður Snær Júlíusson (2. júní 2020). Vaxtabætur halda áfram að lækka og sífellt færri fá þær. *Kjarninn*.

34 Skýr merki eru um spákaupmennsku á leigumarkaði á Íslandi, en lítill hópur á margar íbúðir í landinu. Sjá: Þórður Snær Júlíusson (14. desember 2011). 52 þúsund íbúðir í eigu einstaklinga eða lögaðila sem eiga fleiri en eina íbúð. *Kjarninn*.

35 Stjórnarráð Íslands (2023). *Gjaldtaka og arðsemi viðskiptabankanna. Skýrsla starfshóps menningar- og viðskiptaráðherra*. Reykjavík: Stjórnarráð Íslands.

36 Reich (2016), bls. 97–107.

37 Í verstu tilfellum getur þetta orðið til að hola fyrirtæki að innan, sjá: Gladwell, M. (31. október 2022). Was Jack Welch The Greatest C.E.O of his day – or the worst? *The New Yorker*. – Um áhættusækni í tengslum við íslensku bankanna, sem dæmi, sjá: Rannsóknarnefnd Alþingis (2010), kafla 10 um launa- og hvatakerfi. – Þótt bankarnir hafi verið endurreistir og eftirlit hert, eru hvatakerfin enn til staðar. – Um neikvæð áhrif á samfélagið er nóg að benda á bankahrúnið 2008 á Íslandi og afleiðingar þess.

38 Guðmundur D. Haraldsson (4. október 2023). Samfélagsbankar: Mótvægið sem okkur vantar í bankamálum. *Vísir*. Sömu grein má finna hér: <https://alda.is/2023/10/04/samfelagsbankar-motvaegid-sem-okkur-vantar-i-bankamalum/>

óbeisluðum mörkuðum tekst að búa til mikinn ójöfnuð á milli fólks, sem svo veldur ýmsum öðrum vandkvæðum. Þeir geta grafið undan lýðræðinu, eins og áður var imprað á. Markaðir eru gagnlegir en þeir eru *gagnlegastir* þegar þeir eru tamdir til að gæta að *jafnvægi* á milli allra þeirra sem taka þátt í þeim - fyrirtækja, almennings og ríkis. Allir verða að hlíta leikreglum og þær *geta verið mismunandi* eftir hver á í hlut (einstaklingur, fyrirtæki eða ríki) og hve mikill auður er á bak við viðkomandi; þannig gætum við að jafnvægi og tryggjum að fólk sem hefur lítinn auð á bakvið sig geti tekið þátt á sínum forsendum.

Til að styrkja getu ríkja til að taka á erfiðum deilumálum samfélagsins þurfum við að styrkja lýðræðið, þannig að hægt sé að svara þeim með beinni aðkomu almennings og þannig að markaðsöfl geti haft takmörkuð áhrif á niðurstöðuna. Borgaraþing gætu hjálpað við að taka á umdeildum spurningum í samfélaginu, svo sem um auðlindarentu, en á borgaraþingum kemur fólk saman sem valið er af handahófi, tekst á við áleitnar spurningar í sameiningu og skilar tillögum.³⁹ Þetta er einn liður í að hætta að líta á ríkið sem eins konar þjónustustofnun við markaði – gildismat sem hefur ágerst undanfarna áratugi og birtist í ýmsu, eins og endurgreiðslu skatta til stórra fyrirtækja – og fremur líta á það sem sameiginlega stofnun sem viðheldur heilbrigðu og öruggu samfélagi í þágu almennings, enda er það fólk sem byggir samfélög.

Áleitnar spurningar bíða úrlausnar um hvernig við viljum reka samfélagið okkar. Það er ljóst að við á Íslandi þurfum að takast á við ójöfnuð eins og önnur ríki. Að ýmsu er að hyggja til að draga úr ójöfnuði og auka samtakamátt okkar á næstu árum – við þurfum að hugsa út fyrir þann ramma sem hefur verið mótaður undanfarna áratugi og þora að taka skref í átt að auknum jöfnuði. Jöfnuður er ákvörðun.

Höfundur er stjórnarmaður í Öldu – félagi um sjálfbærni og lýðræði.

Höfundur er með BS-próf í sálfræði og MSc-gráðu í Cognitive & Decision Sciences frá University College London.

39 Almennt um borgaraþing, sjá vef Öldu: <https://alda.is/lydraedi/> – Nánari umfjöllun má finna í: Dryzek, J. S., Bächtiger, A. og Milewicz, K. (2011). Toward a Deliberative Global Citizens' Assembly. *Global Policy*, 2(1), 33-42.